

Árneshreppur
Þórður Már Sigfússon
Norðurfirði
524 Árneshreppur

Reykjavík, 23. júní 2021
UST202105-201/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025 og nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Dranga í Árneshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árneshrepps er barst 19. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Dranga í Árneshreppi.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að bæta við skilmálum um uppbyggingu 14 frístundahúsa á um 10 ha. svæði í frístundabyggð FS6 í landi Dranga.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að skipulagið tekur til afmörkunar á 14 byggingarreitum undir frístundahús innan ákveðins svæðis nálægt Drangabænum auk göngustíga, slóða, vatnsleiðsla og fráveitu.

Forsendur deiliskipulags

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að í forsendukafla deiliskipulagsins komi fram að tillagan sé í samræmi við aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 og umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar sem hér er til umfjöllunar.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns ætti frekar að nota orðið fráveita eða rotþró og siturlögn, í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar.

Afmörkun deiliskipulags

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagssvæðið sé afmarkað á deiliskipulagsupprætti.

Stærð bygginga

Í greinargerð kemur fram að byggingareitur sé 80 m². Umhverfisstofnun telur æskilegt að það komi fram hver fyrirhuguð stærð bygginga verður á svæðinu.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur